



13- kapall

1. Leggðu fyrst eitt spil á hvolf, síðan tvö í næstu röð, síðan þrjú o.s.frv. þar til í sjöundu röð að spilin eru látin snúa upp.

Sjá mynd



2. Taktu 2 spil sem gefa summuna 13 eða einn kóng og settu til hliðar sem slag (kóngur=13, drottning=12, gosi=11, ás=1, önnur spil eins og gildi þeirra segir til um). Flettu upp þeim spilum sem ekkert spil liggur ofan á.
3. Þegar þú getur ekki meira skaltu fletta 3 spilum í einu af bunkanum og ef þú færð spil sem gefur 13 ásamt spili sem er í borði seturðu þau til hliðar. Þegar allur bunkinn er búinn snýrðu honum við og flettu nú tveimur spilum í einu. Ef enn þarf að snúa bunkanum við er eitt spil tekið í einu.
4. Svona er haldið áfram þar til búíð er að ná öllum spilunum úr borði og þá hefur kapallinn gengið upp, en það gerist ekki alltaf.

Góða skemmtun!